# Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar 1. janúar - 30. júní 2024 í evrum

Brim hf.
Norðurgarði 1
101 Reykjavík

Kt. 541185-0389

# Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .................... 3

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda .................... 4

Rekstrarreikningur .................... 5

Yfirlit um heildarafkomu .................... 6

Efnahagsreikningur .................... 7

Eiginfjáryfirlit .................... 8

Sjóðstreymisyfirlit .................... 9

Skýringar .................... 10

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Brims hf. og dótturfélaga þess.

Samkvæmt rekstrarreikningi voru tekjur samstæðunnar af seldum vörum á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2024 174 millj. evrur (1. janúar til 30. júní 2023 222 millj. evrur). Hagnaður tímabilsins var 6 millj. evrur, samanborið við 29 millj. evrur á sama tímabili árið áður.

Eigið fé samstæðunnar í lok tímabilsins var 451 millj. evrur samkvæmt efnahagsreikningi.

### Rekstur á öðrum ársfjórðungi

Afli bolfiskskipa félagsins var á tímabilinu 12.100 tonn en var 10.500 tonn á sama tímabili árið áður. Aukning var í veiðum á ýsu og gulllaxi saman borið við árið á undan, ufsaveiði var dræm líkt og á fyrra ári og ekki var úthlutað heimildum í djúpkarfa en árið 2023 veiddu skip félagins tæplega 1.000 tonn af honum á öðrum ársfjórðungi. Botnfiskafli til landvinnslu var um 6.200 tonn líkt og á sama tímabili á fyrra ári.

Verð á ferskum landunnum bolfiskafurðum var gott og sambærilegt við árið á undan. Verð á sjófrystum afurðum var nokkuð lægra samanborið við sama tímabil seinasta ár.
Breytingar urðu á skipastól félagsins í júní þegar nýtt frystiskip kom inn í rekstur félagsins og hélt Þerney RE-1 í sína fyrstu veiðiferð fyrir Brim hf þann 21. júní sl. Í ágúst var svo lokið við sölu á frystiskipinu Örfirisey RE-4.

Rekstur uppsjávarsviðs markaðist af því að engin loðnuvertíð var á fyrsta ársfjórðungi. Kolmunnaveiði hófust að nýju í byrjun apríl og var seinasta löndunin 7. maí, veiðar gengu vel og var aflinn um 30 þúsund tonn, sem unnin var í verksmiðjum félagsins á Vopnafirði og Akranesi. Í lok júní héldu uppsjávarskipin til makrílveiða og komu fyrstu farmarnir á land í byrjun júlí.

### Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2024 ásamt rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2024.

Stjórn og forstjóri Brims hf. hefur í dag fjallað um samandreginn samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024 og staðfestir hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. ágúst 2024.

Stjórn félagsins:

Kristján Þ. Davíðsson
Anna G. Sverrisdóttir
Hjálmar Kristjánsson
Kristrún Heimisdóttir
Magnús Gústafsson

Forstjóri:

Guðmundur Kristjánsson

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Brims hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Brims hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024. Árshlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árshlutareikningnum**

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

**Ábyrgð endurskoðenda**

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

**Umfang könnunar**

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um *könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum* . Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

**Ályktun**

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikningur gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á tímabilinu, efnahag hennar 30. júní 2024 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Kópavogur, 29. ágúst 2024.

**Deloitte ehf.**

| | |
|---|---|
| Jónas Gestur Jónasson | Pétur Hansson |
| endurskoðandi | endurskoðandi |

# Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2024

| | Skýr. | Annar ársfjórðungur 2024 1.4.-30.6.* | Annar ársfjórðungur 2023 1.4.-30.6.* | Fyrri árshelmingur 2024 1.1.-30.6. | Fyrri árshelmingur 2023 1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur ........................................................ | | 79.726 | 108.831 | 174.181 | 222.206 |
| Kostnaðarverð seldra vara ................................ | | ( 70.346) | ( 90.591) | ( 152.663) | ( 173.550) |
| **Vergur hagnaður** ............................................ | | 9.380 | 18.240 | 21.518 | 48.656 |
| Aðrar tekjur ........................................................ | | 6 | 295 | 6 | 295 |
| Útflutningskostnaður ........................................ | | ( 1.739) | ( 2.925) | ( 3.531) | ( 5.438) |
| Annar rekstrarkostnaður .................................. | 6 | ( 3.335) | ( 3.429) | ( 6.165) | ( 6.496) |
| **Rekstrarhagnaður** ...................................... | | 4.312 | 12.181 | 11.828 | 37.017 |
| Fjáreignatekjur .................................................. | | 688 | 1.244 | 1.589 | 2.421 |
| Fjármagnsgjöld .................................................. | | ( 5.588) | ( 4.709) | ( 10.955) | ( 8.439) |
| Gengismunur ...................................................... | | 753 | 775 | 942 | ( 4) |
| Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld .................... | | ( 4.147) | ( 2.690) | ( 8.424) | ( 6.022) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga ...................................... | | 1.015 | 2.578 | 2.966 | 4.600 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt .................................. | | 1.180 | 12.069 | 6.370 | 35.595 |
| Tekjuskattur ...................................................... | | ( 186) | ( 1.656) | ( 870) | ( 6.320) |
| **Hagnaður tímabilsins**.................................. | | 994 | 10.413 | 5.500 | 29.275 |
| **EBITDA**.......................................................... | | 8.970 | 16.203 | 21.017 | 45.302 |
| **Hagnaður á hlut:** | | | | | |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut ............................................ | | 0,0005 | 0,0054 | 0,0029 | 0,0152 |

* Rekstrarreikningur fyrsta ársfjórðungs 2024 og 2023 var hvorki kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins

Skýringar á blaðsíðum 10 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

# Yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. júní 2024

| | Annar ársfjórðungur | | Fyrri árshelmingur | |
|---|---|---|---|---|
| | **2024** | **2023** | **2024** | **2023** |
| | **1.4.-30.6.*** | **1.4.-30.6.*** | **1.1.-30.6.** | **1.1.-30.6.** |
| **Hagnaður tímabilsins** | 994 | 10.413 | 5.500 | 29.275 |
| | | | | |
| **Rekstrarliðir færðir á eigið fé:** | | | | |
| **Liðir sem síðar munu verða endurflokkaðir yfir rekstur:** | | | | |
| Þýðingarmunur vegna eignarhluta í félögum | ( 1.171) | ( 2.759) | ( 1.543) | ( 2.946) |
| Áhættuvarnir vegna langtímaskulda | 341 | 802 | 661 | ( 934) |
| **Liðir sem síðar munu ekki verða endurflokkaðir yfir rekstur:** | | | | |
| Gangvirðisbreyting eignarhluta | ( 1.202) | 0 | ( 798) | 0 |
| | | | | |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | ( 1.038) | 8.456 | 3.820 | 25.395 |

* Yfirlit um heildarafkomu fyrsta ársfjórðungs 2024 og 2023 var hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins

Skýringar á blaðsíðum 10 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

# Efnahagsreikningur 30. júní 2024

| | Skýr. | 30.6.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 252.947 | 202.207 |
| Óefnislegar eignir | | 401.293 | 402.373 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | | 143.105 | 139.122 |
| Langtímakröfur á tengda aðila | | 16.831 | 19.495 |
| Aðrar fjárfestingar | | 16.149 | 16.222 |
| Fastafjármunir | | 830.325 | 779.419 |
| Birgðir | 7 | 63.978 | 74.405 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 35.794 | 36.800 |
| Kröfur á tengda aðila | | 19.282 | 24.856 |
| Handbært fé | | 26.309 | 34.178 |
| Veltufjármunir | | 145.363 | 170.239 |
| **Eignir samtals** | | 975.688 | 949.658 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 20.083 | 20.083 |
| Lögbundinn varasjóður og yfirverðsreikningur hlutafjár | | 61.686 | 61.686 |
| Þýðingarmunur | | ( 5.701) | ( 4.158) |
| Annað bundið eigið fé | | 70.312 | 65.688 |
| Óráðstafað eigið fé | | 304.627 | 329.509 |
| Eigið fé samtals | | 451.007 | 472.808 |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 8 | 333.684 | 339.432 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 74.330 | 73.453 |
| Langtímaskuldir | | 408.014 | 412.885 |
| Vaxtaberandi skuldir | 8 | 79.981 | 25.780 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 35.202 | 22.315 |
| Skuldir við tengda aðila | | 49 | 76 |
| Skattar til greiðslu | | 1.435 | 15.794 |
| Skammtímaskuldir | | 116.667 | 63.965 |
| Skuldir samtals | | 524.681 | 476.850 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 975.688 | 949.658 |

# Eiginfjáryfirlit 30. júní 2024

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður og yfirverðs-reikningur | Þýðingar-munur | Annað bundið eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar til 30. júní 2023** | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2023 | 20.083 | 61.686 | ( 280) | 57.555 | 313.231 | 452.275 |
| Hagnaður tímabilsins | | | | | 29.275 | 29.275 |
| Þýðingarmunur tímabilsins | | | ( 2.946) | | | ( 2.946) |
| Áhættuvarnir langtímaskulda | | | | ( 934) | | ( 934) |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | ( 2.946) | ( 934) | 29.275 | 25.395 |
| Millifært af bundnu eigin fé | | | | 2.540 | ( 2.540) | |
| Greiddur arður 2,8 kr. á hlut | | | | | ( 36.014) | ( 36.014) |
| Eigið fé 30.6.2023 | 20.083 | 61.686 | ( 3.226) | 59.161 | 303.952 | 441.656 |
| **1. janúar til 30. júní 2024** | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2024 | 20.083 | 61.686 | ( 4.158) | 65.688 | 329.509 | 472.808 |
| Hagnaður tímabilsins | | | | | 5.500 | 5.500 |
| Þýðingarmunur tímabilsins | | | ( 1.543) | | | ( 1.543) |
| Matsbreyting skráðra eignathluta | | | | ( 798) | | ( 798) |
| Áhættuvarnir langtímaskulda | | | | 661 | | 661 |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | ( 1.543) | ( 137) | 5.500 | 3.820 |
| Millifært á bundið eigið fé | | | | 4.761 | ( 4.761) | |
| Greiddur arður, 2,0 kr. á hlut | | | | | ( 25.621) | ( 25.621) |
| Eigið fé 30.6.2024 | 20.083 | 61.686 | ( 5.701) | 70.312 | 304.627 | 451.007 |

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2024

| | 2024<br>1.1.-30.6. | 2023<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Rekstrarhagnaður tímabilsins | 11.828 | 37.017 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna | ( 6) | 0 |
| Söluhagnaður aflaheimilda | 0 | ( 295) |
| Afskriftir | 9.195 | 8.580 |
| | 21.017 | 45.302 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum | 12.172 | ( 20.898) |
| Breytingar á rekstrartengdum skuldum | 6.714 | 3.377 |
| | 18.886 | ( 17.521) |
| Innheimtar vaxtatekjur | 1.848 | 2.421 |
| Greidd vaxtagjöld | ( 10.900) | ( 8.406) |
| Greiddir skattar | ( 6.750) | ( 5.779) |
| Handbært fé frá rekstri | 24.101 | 16.017 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | ( 60.003) | ( 16.442) |
| Fjárfesting í aflaheimildum | 0 | ( 12.135) |
| Söluverð rekstrarfjármuna | 76 | 0 |
| Söluverð aflaheimilda | 0 | 467 |
| Innborganir lána frá tengdum aðilum | 5.500 | 301 |
| Lánveitingar til tengdra aðila | 0 | ( 10.185) |
| Arður af eignarhlutum | 2.722 | 672 |
| Fjárfesting í eignarhlutum í hlutdeildar- og öðrum félögum | ( 3.788) | ( 84.143) |
| Fjárfestingarhreyfingar | ( 55.493) | ( 121.465) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Greiddur arður | ( 25.621) | ( 36.014) |
| Skammtímalán | 7.494 | 0 |
| Ný langtímalán | 48.000 | 220.000 |
| Afborganir langtímalána | ( 6.350) | ( 217.904) |
| Fjármögnunarhreyfingar | 23.523 | ( 33.918) |
| **Lækkun á handbæru fé** | ( 7.869) | ( 139.366) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 34.178 | 161.975 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | 26.309 | 22.609 |

# Skýringar

**1. Félagið**

Brim hf. „Félagið“ er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Norðurgarði 1, Örfirisey í Reykjavík. Árshlutareikningur samstæðunnar hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga", og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

Brim hf. og dótturfélög gera í lok tímabilsins út níu fiskiskip og vinna fiskafurðir á sjó, í Reykjavík, Hafnarfirði, á Akranesi og Vopnafirði og selja afurðirnar víða um heim. Með reynslumiklu og hæfu starfsfólki er lögð áhersla á ábyrga umgengni til sjós og lands og gæði afurða.

**2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt**

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Brims hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2023.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn 29. ágúst 2024.

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir**

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2023. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess www.brim.is og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Árshlutareikningurinn er gerður í evrum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru í þúsundum evra.

**4. Mat og ákvarðanir**

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

**5. Starfsþáttayfirlit**

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar. Samstæðan skiptist í fjóra starfsþætti, sem skiptast eftir útgerðarþáttum og eðli starfseminnar. Starfsþættirnir eru; Botnfisksvið, Uppsjávarsvið, Sölufélög í Asíu og annað sem eru starfsemi dótturfélaga annarra en þeirra sem falla undir aðra starfsþætti samstæðunnar.

# Skýringar, frh.:

| | Botnfisk-svið | Uppsjávar-svið | Sölufélög í Asíu | Annað | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Starfsþættir 1.1.-30.6.2024** | | | | | | |
| Seldar vörur ........................... | 84.552 | 38.354 | 58.054 | 9.999 | ( 16.778) | 174.181 |
| Kostnaðarverð ....................... | ( 70.396) | ( 33.547) | ( 57.029) | ( 8.469) | 16.778 | ( 152.663) |
| Vergur hagnaður ................... | 14.156 | 4.807 | 1.025 | 1.530 | 0 | 21.518 |
| Aðrar rekstrartekjur ............... | | | | 6 | | 6 |
| Útflutningskostnaður ............. | ( 1.972) | ( 954) | | ( 605) | | ( 3.531) |
| Annar rekstrarkostnaður ....... | ( 2.535) | ( 2.428) | ( 566) | ( 636) | | ( 6.165) |
| **Rekstrarhagnaður** ............. | 9.649 | 1.425 | 459 | 295 | 0 | 11.828 |
| Fjármagnsliðir ....................... | | | | | | ( 8.424) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga ........... | | | | | | 2.966 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt ....... | | | | | | 6.370 |
| Tekjuskattur .......................... | | | | | | ( 870) |
| **Hagnaður tímabilsins**.......... | | | | | | 5.500 |
| **Starfsþættir 1.1.-30.6.2023** | | | | | | |
| Seldar vörur ........................... | 76.498 | 71.349 | 76.972 | 11.200 | ( 13.813) | 222.206 |
| Kostnaðarverð ....................... | ( 57.859) | ( 43.193) | ( 74.628) | ( 11.619) | 13.749 | ( 173.550) |
| Vergur hagnaður ................... | 18.639 | 28.156 | 2.344 | ( 419) | ( 64) | 48.656 |
| Aðrar rekstrartekjur ............... | 295 | | | | | 295 |
| Útflutningskostnaður ............. | ( 2.582) | ( 2.354) | | ( 502) | | ( 5.438) |
| Annar rekstrarkostn. * ........... | ( 2.638) | ( 2.554) | ( 637) | ( 667) | | ( 6.496) |
| **Rekstrarhagnaður** ............. | 13.419 | 23.248 | 1.707 | ( 1.588) | ( 64) | 37.017 |
| Fjármagnsliðir ....................... | | | | | | ( 6.022) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga ........... | | | | | | 4.600 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt ....... | | | | | | 35.595 |
| Tekjuskattur .......................... | | | | | | ( 6.320) |
| **Hagnaður tímabilsins**........... | | | | | | 29.275 |

## 6. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | 2024<br>1.1.-30.6. | 2023<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld ....................................................................................... | 2.356 | 2.100 |
| Annar stjórnunarkostnaður ..................................................................................... | 3.809 | 4.396 |
| | 6.165 | 6.496 |

## 7. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

| | 30.6.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|
| Afurðabirgðir ......................................................................................................... | 55.670 | 65.975 |
| Rekstrarvörubirgðir ................................................................................................ | 8.308 | 8.430 |
| | 63.978 | 74.405 |

## 8. Vaxtaberandi skuldir

Í tengslum við fjárfestingu í frystitogaranum Þerney RE-1 var tekið nýtt lán að fjárhæð 48 milljón evra. Lánið er til 12 mánaða með einum lokagjalddaga 18. júní 2025.

## 9. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar:

| | | |
|---|---|---|
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir ..................................................... | 1,25 | 2,66 |
| Lausafjárhlutfall - kvikir veltufjármunir/skammtímaskuldir .......................................... | 0,70 | 1,50 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn .................................................................... | 0,46 | 0,50 |

# Ársfjórðungsyfirlit

| | 2F 2024 | 1 F 2024 | Samtals |
|---|---|---|---|
| Seldar vörur | 79.726 | 94.455 | 174.181 |
| Kostnaðarverð seldra vara | ( 70.346) | ( 82.317) | ( 152.663) |
| **Vergur hagnaður** | 9.380 | 12.138 | 21.518 |
| Aðrar rekstrartekjur | 6 | 0 | 6 |
| Útflutningskostnaður | ( 1.739) | ( 1.792) | ( 3.531) |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 3.335) | ( 2.830) | ( 6.165) |
| **Rekstrarhagnaður** | 4.312 | 7.516 | 11.828 |
| Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld | ( 4.147) | ( 4.277) | ( 8.424) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 1.015 | 1.951 | 2.966 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 1.180 | 5.190 | 6.370 |
| Tekjuskattur | ( 186) | ( 684) | ( 870) |
| **Hagnaður tímabilsins** | 994 | 4.506 | 5.500 |
| | | | |
| EBITDA | 8.970 | 12.047 | 21.017 |

| | 4 F 2023 | 3 F 2023 | 2 F 2023 | 1 F 2023 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur | 101.746 | 113.263 | 108.831 | 113.375 | 437.215 |
| Kostnaðarverð seldra vara | ( 82.466) | ( 79.380) | ( 90.591) | ( 82.959) | ( 335.396) |
| **Vergur hagnaður** | 19.280 | 33.883 | 18.240 | 30.416 | 101.819 |
| Aðrar rekstrartekjur | 74 | 0 | 295 | 0 | 369 |
| Útflutningskostnaður | ( 2.466) | ( 2.127) | ( 2.925) | ( 2.513) | ( 10.031) |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 3.231) | ( 2.872) | ( 3.429) | ( 3.067) | ( 12.599) |
| **Rekstrarhagnaður** | 13.657 | 28.884 | 12.181 | 24.836 | 79.558 |
| Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld | ( 4.063) | ( 4.183) | ( 2.690) | ( 3.332) | ( 14.268) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 1.523 | 3.624 | 2.578 | 2.022 | 9.747 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 11.117 | 28.325 | 12.069 | 23.526 | 75.037 |
| Tekjuskattur | ( 2.268) | ( 3.501) | ( 1.656) | ( 4.664) | ( 12.089) |
| **Hagnaður tímabilsins** | 8.849 | 24.824 | 10.413 | 18.862 | 62.948 |
| | | | | | |
| EBITDA | 18.511 | 33.411 | 16.203 | 29.099 | 97.224 |

Ársfjórðungayfirlit hafa hvorki verið könnuð né endurskoðuð af endurskoðendum.